

Upplýsinga- og ferilskrá

Uppruni

Ég er fædd á Landspítalanum í Reykjavík 11. janúar 1973, yngst níu systkina, dóttir hjónanna Guðmundar Þorkelssonar plötu- og ketilssmiðs, f. 10. október 1935, og Erlu Sæunnar Guðmundsdóttur húsfreyju, f. 7. desember 1935. Þau hafa búið alla sína búskapartíð í Kópavogi utan fyrsta búskaparárið í Reykjavík. Barnsskónum sleit ég í Kópavogi við leik og störf á milli þess sem ég gekk í Digranesskóla.

Fjölskylduhagir

Ég er gift sr. Magnúsi Magnússyni sóknarpresti á Hvammstanga og sveitarstjórnarmanni í Húnaþingi vestra, f. 9. desember 1972 Hann er yngstur átta systkina og sonur hjónanna Magnúsar Guðmundssonar fyrrv. bónda á Staðarbakka II í Húnaþingi vestra f. 19. maí 1928 og Guðrúnar Helgu Jónsdóttur húsfreyju, f. 13. nóvember 1935 - d. 6. mars 1990. Þau áttu öll sín búskaparár á Staðarbakka og Magnús þar uppálinn. Magnús hefur verið prestur á Hvammstanga síðan 2010 en var prestur í Ólafsvík 2005-2010 og á Skagaströnd 2000-2005. Magnús útskrifaðist úr guðfræðideild HÍ vorið 1999. Áður en Magnús hóf prestskap var hann kennari í Hjallaskóla í Kópavogi og sinnti því meðfram meðhjálpara- og æskulýðsfulltrúastarfi í Hjallakirkju í Kópavogi. Við höfum búið saman síðan 1996 en giftum okkur 13. ágúst 2000. Við eigum fjögur börn: Guðrúnu Helgu f. 15. ágúst 1996, Rannveigu Erlu f. 4. júlí 2000, Guðmund Grétar f. 6. janúar 2004 og Magnús Mána f. 15. febrúar 2016.

Menntun

B.Ed. í heilsuefningu og heimilisfræði frá menntavísindasviði HÍ vorið 2021.

Námskeið í höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferð frá Upledger Institute 2005-2015.

Jógakennarapróf frá Yoga-studio Ásmundar Gunnlaugssonar 2001.

Tanntæknapróf frá FÁ vorið 1995.

Stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá MK vorið 1993.

Grunnskólapróf frá Digranesskóla vorið 1989.

Störf

Veturinn 2021-2022 hef ég verið í 100% meistaranámi í Heilsueflingu og heimilisfræði á menntavísindasviði HÍ. Meðfram námi veturinn, 2020-2021, kenndi ég í Salaskóla í Kópavogi. Veturna 2018-2019 og 2019-2020 var ég einnig að kenna meðfram námi og þá í Grunnskóla Húnaþings vestra. Öll þrjú námsárin til B.Ed. prófs var ég í 50% kennslu meðfram 100% námi. Áður en ég hóf nám við HÍ hafði ég verið í ca. 80% kennslu við Grunnskóla Húnaþings vestra í einn og hálfan vetur frá ársbyrjun 2017, þar af umsjónarkennari 7. bekkjar í einn vetur, 2017-2018.

Þegar nám og kennsla eru skilin frá hafa Hvammstangaárin einkennst af fjölbreytni í störfum. Á árunum 2014-2017 starfaði ég sem vaktstjóri við Ferðapjónustuna á Gauksmýri í Húnaþingi vestra. Árið 2014 tók ég að mér kirkjuvörslu í Hvammstangakirkju og hef sinnt því síðan meðfram öðru. Á árunum 2012-2014 var sótt til höfuðborgarsvæðis eftir vinnu þegar ég vann hjá Þóri Schiöth tannréttingartannlækni í Hafnarfirði en þar á undan hafði ég unnið sem fulltrúi hjá Fæðingarorlofssjóði á Hvammstanga frá 2010-2012.

Á Ólafsvíkurárunum vann ég við umönnunarstörf á dvalarheimilinu Jaðri 2009-2010. Frá því í byrjun árs 2007 og til vors 2008 starfaði ég, sem umsjónarkennari, við grunnskóla Snæfellsbæjar bæði á Hellissandi og í Ólafsvík. Árið 2006 vann ég hjá Þóri Schiöth tannréttingartannlækni í Hafnarfirði ásamt því að vinna við höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð í Ólafsvík.

Á Skagastrandarárunum vann ég sem tanntæknir árið 2005 hjá Erling Ingvasyni tannlækni en meðfram tanntæknavinnunni starfaði ég við höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð á Skagaströnd. Áður hafði ég verið umsjónarkennari við Höfðaskóla á Skagaströnd, og kennt þar í tvo og hálfan vetur eða að afloknu öðru barnsburðarleyfi sumarið 2001 og þangað til ég fór í þriðja barnsburðarleyfi í lok árs 2003.

Á Reykjavíkurárunum meðan Magnús var í námi vann ég hjá Sæmundi Pálssyni tannréttingartannlækni í Reykjavík frá 1998-2000 en hafði áður unnið hjá Þórarni Sigbórssyni tannlækni í Reykjavík 1997-1998 eða frá því fyrsta barnsburðarleyfi lauk.

Egilsstaðaár á ég einnig að baki þegar ég vann hjá Þóri Schiöth tannlækni á Egilsstöðum um eins árs skeið eða veturinn 1995-1996. Þangað var haldið eftir lok tanntæknanámsins vorið 1995 og dvalið fram að fyrsta barnsburðarleyfi vorið 1996.

Félags- og trúnaðarstörf

Í Kirkjukór Hvammstanga frá 2010.

Í Kirkjukór Ólafsvíkur 2005-2010.

Í húsnaðisnefnd Skagastrandar 2002-2006.

Í kór Hólaneskirkju 2000-2005.

Í kór Menntaskólans í Kópavogi 1989-1993.

Áhugamál/um mig

Ég er mikil fjölskyldumanneskja og finnst fátt betra en mannræktin sem fylgir fjölskyldulífinu. Hrossarækt hef ég stundað í nokkur ár og reynt að halda mínum ræktunarmerum undir góða fola og annað hvort sett folöldin á sjálf eða selt þau til lífs. Hrossaræktinni fylgir útivist eins og göngutúrar og smalamennskur en auk þess eru fleiri tækifæri notuð til að njóta náttúrunnar. Á heimili okkar hjóna á Lækjarbakka og á lóðinni þar í kring hef ég lagt mikla áherslu á trjárækt og garðrækt á undanförunum árum og áratugum. Draumurinn er síðan að verða skógarbóndi með fallett kaffihús í miðjum skógi en mikilvægt er að hafa fagra drauma vitandi vits að hugsanir hafa vængi og orð eru til alls fyrst.